Akraneskaupstaður

REGLUR VEGNA STYRKUMSÓKNA
Á SVIÐI MENNINGARMÁLA

Markmið með styrkjum Akraneskaupstaðar er að styðja við grasrótarstarf á sviði menningarmála. Málsmeðferð styrkumsókna skal vera samkvæmt reglum þessum.

1. Akraneskaupstaður auglýsir ár hvert og eigi síðar en 1. október eftir styrkumsóknum.
2. Styrkumsóknir skulu teknar til úrvinnslu og lagðar fyrir hjá því ráði eða nefnd sem málaflokkurinn heyrir undir. Viðkomandi ráð eða nefnd gerir tillögu um afgreiðslu til bæjarráðs til endanlegrar ákvörðunartöku.
3. Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:
    a. Heiti verkefnis.
    b. Lýsing á verkefni.
    c. Tíma- og verkáætlun.
    d. Fjárhagsáætlun, þar meðtalið fjármögnun verkefnis (t.d. aðgangseyrir eða aðrir styrkir) og gögn því til stuðnings.
    e. Vinnur verkefnið að markmiðum Menningarstefnu Akraness og þá hvernig?
4. Uppfylli styrkumsókn ekki formkröfur skal henni vísað frá.
5. Heimilt er að auglýsa að nýju eftir styrkumsóknum fyrir 1. september hafi samþykkt heildarstyrkfjárhæð ekki verið fullnýtt við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
6. Umsóknir um minniháttar styrki, svo sem styrktarlínur í blöð skulu alla jafna ekki veittar af Akraneskaupstað. Undanþágu frá þeirri meginreglu geta sviðsstjórar eða bæjarstjóri tekið, séu til þess fjármunir í fjárhagsáætlun.
7. Styrkir skulu að jafnaði vera greiddir út þegar verkefni er lokið gegn fullnægjandi skýrslu. Séu verkefnastyrkir kr. 300.000 eða hærri er heimilt að greiða 50% styrkupphæðar út áður en verkefni lýkur gegn upplýsingum um framvindu. Verði ekki að verkefninu áskilur kaupstaðurinn sér rétt til að krefjast endurgreiðslu.
8. Styrkir geta að jafnaði numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnis.
9. Styrkir úr menningarsjóði eru ekki veittir til stofnanna Akraneskaupstaðar.
10. Styrkir úr menningarsjóði eru ekki veittir til ferða, kaupa á almennum tækjum, útgáfu efnis, reksturs og vefsíðugerðar.
11. Menningarstyrki er ekki hægt að sækja um eftir að verkefni eða viðburði er lokið.

Akraneskaupstaður

12. Ef ekki verður af verkefni fellur styrkveiting niður. Æskilegt er að styrkhafi upplýsi Akraneskaupstað svo fljótt sem auðið er ef ekki reynist unnt að framkvæma verkefnið.

13. Þeir sem njóta styrkja frá Akraneskaupstað skulu geta þess í kynningarefni sínu og birta merki Akraneskaupstaðar. Kaupstaðnum skal berast kynning á verkefni til birtingar á miðlum sínum.

Þannig samþykkt á fundi menningar- og safnanefndar þann 8.4.2026

Staðfest í bæjarstjórn Akraness þann 12.05.2026

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Steinar Adolfsson

Bæjarstjóri